



Alþýðusamband Íslands

1.nóvember 2023

Ályktun um Palestínu

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að sitja hjá í atkvæðagreiðslu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé í Ísrael og Palestínu. Með þessari ákvörðun hafa þau stillt Íslandi upp með þeim ríkjum sem heimila ísraelskum stjórnvöldum að hafa alþjóðalög að engu í hernaðaraðgerðum sínum, stunda þjóðernishreinsanir, drepa almenna borgara, hrekja þá frá heimilum sínum og svipta þá lífsnauðsynjum. Ákvörðunin samræmist ekki stefnu Íslands um að viðurkenna og virða sjálfstæði Palestínu.

Miðstjórn tekur undir með ályktunum alþjóða verkalýðssambandsins (ITUC) frá 9. og 20. október sl. þar sem kallað er eftir tafarlausu vopnahléi og fordæmir hryðjuverk Hamas-samtakanna gegn almennum borgurum og hefndaraðgerðir Ísraela sem hafa leitt til fjöldamorða og flokkast undir stríðsglæpi. Sprengjuárásir Ísraelshers á Gaza hafa nú staðið linnulaust í tæpar fjórar vikur. Í skugga þeirra hafa Ísraelar auk þess veitt landtökumönnum, sem eru studdir af her og lögreglu, leyfi til að hrekja Palestínumenn af landi sínu og heimilum á Vesturbakkanum. Hér fer fram fullvalda ríki með einn öflugasta her heims gegn íbúum lands sem hefur búið við hernám þess sama ríkis í áratugi.

Hjálparsamtök eiga í miklum erfiðleikum með að koma nauðsynjavörum til fólks og alvarlegur skortur er á vatni, mat og lyfjum. Almennir borgarar geta ekkert farið og yfir þrjú þúsund og fimm hundruð börn hafa látið lífið í átökunum.

Vopnahlé er eina leiðin til þess að bregðast við þessu ástandi – og það er skylda ríkja heims að þvinga Ísrael að samningaborðinu áður en það er um seinan. Þess í stað hafa sum valdamestu ríki heims réttlætt aðgerðir Ísraela undir þeim formerkjum að þeir eigi rétt á því að verja sig. En sá réttur veitir engum leyfi til að brjóta alþjóðalög og skeyta engu um mannfall almennra borgara. Með afstöðuleysi sínu hafa íslensk stjórnvöld veitt ofbeldisverkum blessun sína. Svonefnt „mannúðarhlé“ sem stjórnvöld hafa gert að lykilatriði í málflutningi sínum er pólitískt feigrunaryrði sem er til þess eins fallið að gera skammvinnt hlé á hernaðaraðgerðum í þeim tilgangi að koma nauðsynjum til fólks. Með því er ekki verið að krefjast vopnahlés og að árásum á almenna borgara linni.

Með viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu skipaði Ísland sér í hóp þeirra ríkja sem vilja vekja athygli á því óréttlæti sem íbúar Palestínu hafa mátt búa við í meira en hálfa öld: hernámi Ísraels, daglegu ofbeldi, skertu ferðafrelsi og aðskilnaðarstefnu. ASÍ krefst þess að íslensk stjórnvöld fylgi eigin stefnu og beiti sér af fullum þunga fyrir tafarlausu vopnahléi og endalokum hernáms Ísraels í Palestínu.